

Borgarráð 6. júní 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um beiðnakerfi MSS24060027

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvenær áformað er að hætta notkun núverandi beiðnakerfis og taka upp stafræna lausn rafrænna beiðna sem nú stendur þjónustu- og nýsköpunarsviði til boða að kostnaðarlausu meðal annars frá Síminn Pay og fleiri fyrirtækjum sem mörg önnur sveitarfélög eru komin með í fulla virkni.

Greinargerð

Flokkur fólksins hefur áður spurt um hvernig verklag með innkaupabeiðnum er háttað hjá Reykjavíkurborg en spyr nú um tíma þar sem löngu tímabært er að stíga út úr fornöld hvað viðkemur greiðslubeiðnakerfi en í byrjun þessa árs óskaði þjónustu- og nýsköpunarsvið heimildar til að hefja greiningarverkefni í tengslum við rafrænar beiðnir. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá 15. janúar 2024 til 1. mars 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 10 m.kr. Heimildin var samþykkt. Fulltrúi Flokks fólksins bókaði þá undrun sína að lausn af þessu tagi væri ekki löngu komin í virkni og hefði í raun átt að vera með þeim fyrstu enda mikilvægt til að koma í veg fyrir misnotkun. Hér er skýrt dæmi um ranga forgangsröðun verkefna innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Nú er komið sumar og fátt að fréttu að þessu máli. Vitað er að þjónustu- og nýsköpunarsviði stendur til boða að taka til notkunar tilbúna lausn sem önnur sveitarfélög eru sem dæmi löngu farin að nota með góðum árangri. Nefna má sem dæmi appið frá Síminn Pay og fleiri sambærileg öpp. Þessi öpp auðvelda sveitarfélögum að halda utan um úttektir starfsmanna og getur leyst beiðnabókina af hólmi. Haldið er utan um auðkenningu starfsmanna gagnvart bæði útgáfu- og söluaðila og þannig tryggt að viðkomandi starfsmaður hafi umboð til að taka út vörur og þjónustu í nafni útgáfuaðila. Einfalt er að stofna beiðni við innkaup þar sem starfsmaður er leiddur í gegnum ferli sem flokkar innkaupin eftir fyrirfram skilgreindum flokkum. Einnig er hægt að hengja mynd af kassakvittun við beiðnina. Það er löngu tímabært að útrýma beiðnabókum fyrir tilfallandi innkaup starfsfólks Reykjavíkurborgar. Þarfir liggja fyrir svo ekki ætti að vera flókið né kostnaðarsamt að tengjast stafrænni lausn þar sem tryggt er heimild til innkaupa og að hægt sé að minnka handavinnu við afstemmingu rafrænnar beiðnar við rafrænan reikning í fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar. Það er í raun hlægilegt að beiðnabækur séu enn notaðar hjá Reykjavíkurborg fyrir tilfallandi innkaup. Kerfið er aftur úr fornöld. Starfsmaður þarf að fá beiðni afhenta frá yfirmanni, fylla út beiðnina, afhenda hana til birgja sem þarf í kjölfarið að hengja hana á reikning og senda aftur til baka til Reykjavíkurborgar til að fá greitt. Þetta hefði átt að vera sett í forgang við upphaf stafrænnar vegferðar. Borgin hefur tapað milljónum vegna þessa að fjölmörg tilfelli eru að beinablöðum hefur verið stolið eða þær notaðar án heimildar. Stafræn lausn liggur á borðinu og býðst borginni fyrir ekki neitt. Það sætir undrun að þjónustu- og nýsköpunarsvið skuli vera að tvístíga með þetta eða á enn og aftur að fara að „finna upp hjólið“? Á eina ferðina enn að fara að eyða peningum í þróunarvinnu, uppgötvunar og tilraunavinnu á lausn sem nú þegar er til og er komin í notkun í öðrum sveitarfélögum. Komið er nóg að því að eyða tíma og fjármagni borgarbúa í endalaus uppgötvana ferli á lausn sem þessari. Eina sem þarf að gera er að aðlaga hana eða aðra sambærilega að Reykjavíkurborg. Beðið var um 10 milljónir í janúar til greiningarvinnu, það væri fróðlegt að fá að vita hvort þeirri vinnu sé lokið og hver sé niðurstaðan?